

**Nd.**

**221. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá Jakob Möller.

- I. Við 3. gr. Greinin falli niður.
- II. Við 7. gr. Fyrri málslíður greinarinnar orðist svo:  
Járnbrautin milli Reykjavíkur og Þjórsár skal gerð úr nýju, völdu efni og að öllu leyti eftir fyrirætlunum ráðherra, en nánari ákvæði þar að lútandi ber að greina í sjerleyfi.
- III. Við 9. gr. 2. málslíður fyrstu málsgreinar orðist svo:
  1. Ráðherra ákveður öll flutningsgjöld og hefir eftirlit með rekstri brautarinnar.
  2. Fyrir orðin «framlag hans» í niðurlagi annarar málsgreinar komi : matsverð hennar.
  3. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Verði ágreiningur milli sjerleyfishafa og ráðherra, eða umboðsmanns ráðherra, út af rekstri járnbrautarinnar, skal sjerleyfishafi hlíta úrskurði ráðherra, en að öðrum kosti, og sömuleiðis ef sjerleyfishafi hættir að reka fyrirtækið án samþykkis ráðherra, skal járnbrautin með öllu tilheyrandi verða eign ríkissjóðs endurgjaldslaust.
- IV. Við 10. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi :  
Verði eigi byrjað á mannvirkjum, er lúta að virkjun Urriðafoss, 1. júlí 1934, eða stöðvist verkið síðar um átta mánaða skeið, án þess að hafin sje nokkur iðja í sambandi við virkjunina, fellur sjerleyfið þegar úr gildi og verða þá öll unnin mannvirki, fasteignir og vatnsrjettindi sjerleyfishafa hjer á landi eign ríkissjóðs án nokkurs endurgjalds.